

Fundargerð

Íþrótt- og tómstundanefnd - 263. fundur

haldinn á Skólaskrifstofu,
31. janúar 2018 og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Karólína Helga Símonardóttir aðalmaður
Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir aðalmaður
Kristín María Thoroddsen varamaður
Elísabet Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúi

Fundargerð ritaði: Geir Bjarnason, .

Birta Guðný Árnadóttir fulltrúi Ungmennaráðs Hafnarfjarðar sat fundinn.

Dagskrá:

2. 1709700 - Íþrótt- og viðurkenningarhátíð 2017

Farið yfir hvernig hátíðin gekk.

3. 1801364 - #metoo, íþrótt- og tómstundastarf

Kynnt bókun bæjarstjórnar sem samþykkt var samhljóða þann 17. janúar.

"Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til að skilyrða fjárveitingar til íþróttafélaga og þeirra sem bjóða upp á tómstundaiðkun fyrir börn og unglinga, því að félögin setji sér siðareglur, viðbragðsáætlanir og fræði sitt fólk um ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi. Einnig skulu sömu aðilar stofna óháð fagráð sem taki á mótí ábendingum og kvörtunum iðkenda. Einnig skulu þeir sem Hafnarfjarðarbær styrkir eða gerir samninga við sýna fram á að farið sé eftir jafnréttisáætlunum sínum og jafnréttislögum í starfi sínu og aðgerðaráætlun sé skýr. Hafi félag ekki gert jafnréttisáætlun með aðgerðaráætlun skal það gert. Hafnarfjarðarbær hefur eftirlit með því að fyrrgreind atriði séu uppfyllt og fjárveitingar skilyrðast við."

Lögð fram bókun Aðalstjórnar Hauka frá 23. janúar sl. þar sem m.a. er lögð á það áhersla á mikilvægi samvinnu aðila við gerð viðbragðs- og aðgerðaáætlana.

ÍSí hefur gert afar ítarlega viðbragðsáætlun sem er til fyrirmyndar og þar eru lagðar upp leiðir sem félögin hafa ekki unnið eftir s.s. með fagráði.

Skoða þarf málið áfram og íhuga hvernig hægt er að vinna málið og eftirfylgni á skilvirkkan hátt.

4. 1801552 - Þjóðhátíðardagurinn 2018

Frestað

5. 1801551 - Vinnuskóli - sumarstörf 2018

Íþrótt- og tómstundafulltrúi gerði grein fyrir fyrirkomulagi Vinnuskólans og að í

febrúar verður hægt að sækja um sumarvinnu.

6. 1611074 - Kynjajafnrétti í íþróttum

Frestað

8. 1801151 - Frístundastyrkur yfirlit 2017

Reglur vegna breytinga frístundastyrks voru kynntar á síðasta fundi.

Samþykkt og vísað til fræðsluráðs.

7. 1509776 - Ungmennaráð, fundargerð

Birta kynnti síðustu fundargerð ráðsins.

Þar svarar ráðið m.a. fræðsluráði varðandi þörf á ungmennahúsi.

1. 1709661 - Gallup, þjónusta við sveitarfélög

Kynnt hluti af könnun sem Gallup stóð að fyrir stærstu sveitarfélög landsins þar sem skoðuð er þjónusta sveitarfélaga og viðhorf þjónustuþega.

Næsti fundur verður 14. febrúar og verður haldinn í Bláfjöllum og hefst kl. 8:45

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15.

Karólína Helga Símonardóttir
(n)
Kristín María Thoroddsen (sign)

Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir
(sign)
Elísabet Ólafsdóttir (sign)
